

## Stjórn Almannaheilla

Stjórnarfundur haldinn miðvikudaginn 25. september 2024 kl. 9:00.  
Í húsnæði Almannaheilla Urriðaholtsstræti 14, 210 Garðabæ

*Mætt: Ingveldur Jónsdóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Sigurgeir Þórisson, Tryggvi Axelsson og Tómas Torfason.*

## Fundargerð

### 1. Fundur settur

Formaður setti fundinn.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá stjórnarfundum 28. ágúst var samþykkt.

### 3. Heimasíða og framþróun hennar

Jóni Aðalsteini gefið grænt ljóst að halda áfram þróun á nýrri heimasíðu með Birnu Maríu hjá Character vefstudeo.

### 4. Fundur fólksins

Undirbúningur gengur vel. Erum komin með styrk frá Félags- og vinnumálaráðherra upp á 2 milljónir og erum því búin að tryggja 8 milljónir í verkefnið.

Formaður fundar reglulega með Eyrúnu verkefnastjóra. Ingveldur og Jón hafa einnig komið að málinu.

### 5. Sjálfboðaliði ársins 2024

Formanni falið að endurtaka leikinn frá síðasta ári. Mikilvægi þess að plögga sjálfboðaliða ársins í fjölmiðla undirstrikað.

Hugmynd viðruð hvort veita megi viðurkenningu fyrir teymi sjálfboðaliða, ekki bara einstakling eins og við höfum gert. Fundarfólk sammála að horfa á sjálfboðaliða ársins sem einstakling í ár – en vissulega mætti taka umræðu um að útvíkka þessa viðurkenningu.

### 6. Önnur mál á verkefnalista stjórnar

Mikilvægt að fá á hreint hvernig VSK-umhverfi almannaheillafélaga er á hinum norðurlöndunum – svo við séum með þær upplýsingar fyrir fund fólksins í nóvember. Almenn umræða tekin um VSK mál almannaheillafélaga.

### 7. Önnur mál

- Tómas og Tryggvi tóku á móti 14 fullrúum almannaheillafélaga frá Eistlandi, 23. september sem voru í vettvangsheimsókn á Íslandi. Kynntu þeir starf Almannaheilla og starfsumhverfi okkar hér á landi.
- Stjórnarmenn þurfa að undirrita bæði ársreikning félagsins (frá aðalfundi) og tilkynningu á breytingu á stjórn til Skattsins. Þessi gögn ligga hjá Tómasi.

### 8. Næsti fundur

Næsti fundur er á dagskrá 30. október kl. 9:00 samkvæmt áður boðaðri dagskrá.

### 9. Fundi slitið

Formaður sleit fundi kl. 10:35